



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi - stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd
b.t. Kristjönu Benediktsdóttur
Nefndasviði
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 25. apríl 2017

1704036SA AGB
Málalykill: 00.63

Efni: Tillaga til þingsályktunar um fjarfund í á vegum ráðuneyta og notkun fjarfundabúnaðar, 146. löggjafarþing 2016-2017, þskj. 380 – 273. mál.

Tillagan var send til umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga með tölvupósti nefndasviðs Alþingis 4. apríl. Tillagan kveður á um að forsætisráðherra verði falið að beita sér fyrir innleiðingu sameiginlegra verklagsreglna fyrir öll ráðuneyti Stjórnarráðsins um fjarfund og notkun fjarfundabúnaðar á slíkum fundum í því skyni að auðvelda stofnunum, sveitarstjórnnum og öðrum aðilum um allt land samskipti við ráðuneytin.

Sambandið telur að þetta sé þörf tillaga. Það hefur í starfsemi sinni oft orðið vart við að sveitarfélög á landsbyggðinni þrýsta á að boðið sé upp á fjarfund og telur að fólk sem búsett er úti á landi sé almennt með betri þekkingu á fjarfundamöguleikum en fólk á höfuðborgarsvæðinu. Enginn vafi er á því að það er þörf á að byggja upp þekkingu, innviði og verklagsreglur um fjarfund innan stjórnsýslunnar á höfuðborgarsvæðinu. Það á ekki aðeins við um fundi í hefðbundnum skilningi þess orðs, heldur einnig ráðstefnur og aðra þekkingar- og samráðsviðburði sem ríkið skipuleggur á höfuðborgarsvæðinu og eiga erindi við stjórnsýslustofnanir ríkis og sveitarfélaga á landsbyggðinni. Sambandið telur að kostnaður standi oft í vegi fyrir þátttöku landsbyggðarsveitarfélaga í stjórnsýsluviðburðum á höfuðborgarsvæðinu. Aukinn rafrænn aðgangur myndi skila bæði hagrænum og þekkingarlegum ágóða fyrir hið opinbera. Í næstum hvert skipti sem sambandið stendur fyrir þekkingar- og samráðsviðburði á höfuðborgarsvæðinu berst ósk frá sveitarfélögum um að viðburður verði tekinn upp og settur á netið og má segja að það sé orðið að viðtekinni venju hjá sambandinu, a.m.k. ef það er mögulega hægt að koma því við. Sambandið telur því tilefni til að útvíkka tillöguna þannig að það sé enginn vafi að slíkir viðburðir falli einnig undir hana.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Anna G. Björnsdóttir

sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs